

Fundargerð

Fundur í Stjórn fólkvangsins á Teigarhorni haldinn 11. okt. kl 12:00 í Náttúrufræðistofnun Íslands
Mættir. Andrés Skúlason – Ólafur A. Jónsson og Kristján Jónsson
Guðmundur Lúther boðaði forföll. Ritun fundargerðar. Andrés

Dagskrá.

1. Deiliskipulag á Teigarhorni

Deiliskipulag á Teigarhorni var staðfest á liðnu sumri af hálfu skipulagsstofnunar og á grunni þess er nú hægt að taka ákveðnari og markvissari skref er varðar uppbyggingu á Teigarhorni. Á grunni skipulagsins er staða svæðisins einnig sterkari til að sækja um stuðning m.a. gagnvart Landsáætlun.

2. Staða Teigarhorns í Landsáætlun

Farið var yfir stöðu Teigarhorns er varðar úthlutanir til verkefna árið 2018 og eftirfylgni vegna þeirra. Fulltrúi Djúpavogshrepps, Andrés gerði grein fyrir því að hann hefði setið umboðslaus í stjórn frá sveitarstjórnarkosningum í vor þar sem hann væri stigin út af vettvangi sveitarstjórnarmála. Málefnum Teigarhorns gagnvart ráðuneyti, stofnunum og sjóðum hefur því ekki verið sinnt eða fylgt eftir á síðustu mánuði eins og verið hefði undanfarinn ár.

4. Efnistöknámur í landi Teigarhorns

Að höfðu samráði við fulltrúa vegagerðarinnar á Höfn, Reynir Gunnarsson leggur stjórn fólkvangsins til að efnistöknámu við fjöruborð í nágrenni Búlandsár verði lokað fyrir fullt og allt. Hið sama gegnir um námu við áraura inn með Búlandsá á móts við svokallaðan Silungahyl. Áhugi er hinsvegar hjá vegagerðinni að láta meta nánar möguleika á að nýta efni í mel / framhlaupi sem efnistöknámu og er staðsetning rétt ofan við núverandi vegslóða sem sem liggur að túnnum ofan Búlandsár. Áður en til frekari skoðunar kemur á þessari staðsetningu með hugmyndir um námu í huga, leggur stjórn til að fulltrúi Náttúrufræðistofnunar leggi mat á svæðið. Stjórn sammála um að fengnu álit fulltrúa Náttúrufræðistofnunar verði tekin ákvörðun um hvort leyft verði efnistaka á umræddu svæði.

5. Lega á ljósleiðarastreng í landi Teigarhorns

Farið á loftmynd yfir tillögur Orkuskipta ehf að lög ljósleiðara um land Teigarhorns. Niðurstaða stjórnar er að halda sig við þá stefnu að hafa allar strenglagnir í jörðu sem næst farvegi annarra strengja og veitna á svæðinu þar sem því verður við komið og þeirri stefnu verði fylgt markvisst eftir. Með því má forðast óþarfa rask á stærra svæði sem og er sömuleiðis hægt að samnýta þjónustuslóða /akfæra göngustíga með tæki og tól við hugsanlegt viðhald og viðgerðir á lagnaleiðum og veitum af hvaða tagi sem er. Andrés lagði til lagnaleið á korti sem fylgir núverandi ljósleiðarastrenglögnum í átt að Hálsnum frá spennivirki yfir mýri samhliða annarri ljósleiðaralögnum. Lögnin sveigi síðan út með núverandi þjónustuslóða/akfærum göngustíg með vatnsveitulögnum og fylgi henni alla leið um svokallað Reiðsund og þaðan ofan við lóð við Kápigil og áfram yfir hraun út fyrir landamörk Teigarhorns með vatnsveitunni í átt að Djúpavogi. Með þessari leið má segja að farið verði að langstærstu leyti yfir þegar raskað land. Að öðru leyti gerir stjórn fólkvangsins ekki athugasemdir nema sjálfsagðar kröfur og ítrekun um að verktakar gangi vel um landið og skili því með lágmarksraski. Minnt er því á sérstaka aðgæslu er varðar umgengni þar sem um friðlýst land er að ræða.

6. Næstu fundir og samráð

Stefnt á að halda annan fund í næsta mánuði m.a. með það fyrir augum hvornig skuli leggja upp áherslur og áætlanagerð á Teigarhorni varðandi umsókn inn í Landsáætlun sem nú stendur til að taka upp til endurskoðunar til næstu þriggja ára samkvæmt upplýsingum úr Umhverfisaráðuneytinu. Í þessum efnun kom sérstaklega til umræðu áætlanagerð og umsókn inn í Landsáætlun er varðar gestastofu/þjónustumiðstöð við aðkomuleið á Teigarhorni samkvæmt deiliskipulagi. Rætt um fyrirkomulag þess að áfangaskipta verkefninu í umsókn, en að fullnaðarhönnun yrði unninn og lögð fyrir ásamt kostnaðaráætlun amk við fyrsta áfanga. Sömuleiðis ræddi stjórn um mikilvægi þess að koma þeim fjármunum sem allra fyrst í verk sem liggja enn óhreyfðir inni vegna Teigarhorns á Landsáætlun fyrir árið 2018. Í þeim efnun þarf að bretta upp ermar.

7. Fulltrúi Dpv. Í ráðgefandi stjórn fólkvangsins

Ekki liggur fyrir hver verður fulltrúi Djúpavogshrepps í ráðgefandi stjórn fólkvangsins fyrr en í næstu viku en umtalsverður dráttur hefur verið á formlegri skipan hans. Stjórn hvetur því sveitarstjórn Djúpavogshrepps til að skipa hið fyrsta fulltrúa svo ekki verði frekari tafir á mikilvægum verkefnum er varðar framvindu uppbyggingar og stuðning við Teigarhorn en þegar er orðið.

Fundi slitið 14:30

